

Kaup ERAH24 ehf. og MF4 hs. (Ísafold Capital Partners) á Málmsteypu Þorgríms Jónssonar ehf.

- Pann 27. nóvember 2025 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt með styttri samrunaskrá um kaup ERAH24 ehf. og MF4 hs. á Málmsteypu Þorgríms Jónssonar ehf. (hér eftir „MPJ“). Með tölvupósti dags. 11. desember 2025 var samrunaaðilum tilkynnt að samrunaskrá teldist fullnægjandi í skilningi samkeppnislaga og frestir til að rannsaka samrunann hefðu byrjað að líða þann 28. nóvember 2025.
- ERAH24 er einkahlutafélag í eigu núverandi stjórnenda MPJ en MF4 er hlutdeildarsjóður í stýringu fyrirtækisins Ísafold Capital Partners (hér eftir „Ísafold“). Í kjölfar kaupanna munu MF4/Ísafold og ERAH24 fara sameiginlega með yfirráð yfir MPJ. Samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá er enginn rekstur í ERAH24 fyrir samrunann. Þá segir að eignarhald MF4 sé dreift og enginn einn aðili fari með yfirráð yfir sjóðnum á grundvelli eignarhlutdeildar eða annarra samninga. Hlutdeildarskírteinishafar beri ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins í samræmi við 71. gr. laga 45/2020, en Ísafold fari með stjórn og stýri daglegum rekstri sjóðsins í samræmi við 70. gr. sömu laga.
- Í samrunaskrá er fjallað um skilgreiningu markaða en þar kemur fram að um sé að ræða svokallaðan samsteypusamruna þar sem enginn samrunaaðila starfi á sama markaði. Starfsemi MPJ lúti að framleiðslu og sölu á vörum úr steypujárni, þ.e. grájárni og seigjárn. Uppistaða framleiðslunnar séu rekstrarvörur fyrir stóriðju, þ.e. járnsteyptar rekstrarvörur tengdar aftöppun og ofnarekstri og brunnlok fyrir gatnagerð, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 43/2019, *Samruni sjóðsins AU 3 ehf. og Málmsteypu Þorgríms Jónssonar ehf.*
- Samrunaaðilar telja að MPJ starfi á markaði fyrir framleiðslu og sölu á rekstrarvörum úr járni fyrir stóriðju, líkt og fram komi í ofangreindri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins. Þá flytji MPJ inn og selji vörur í tengslum við veitulausnir fyrir sveitarfélög, verktaka og fyrirtæki. MPJ starfi því einnig á markaði fyrir innflutning og sölu á vörum fyrir veitukerfi annars vegar og markaði fyrir innflutning og sölu á rekstrarvörum úr járni fyrir stóriðju hins vegar. Að mati samrunaaðila sé landfræðilegur markaður framangreindra markaða Ísland, heilt og óskipt.
- Í samrunaskrá segir að önnur fyrirtæki undir yfirráðum sjóða í stýringu Ísafoldar séu:
 - Steinsteypan ehf. sem framleiði og selji steypu til mannvirkjagerðar á höfuðborgarsvæðinu og suðvesturhorni landsins, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 18/2024, *Samruni Ísafold Capital Partners hf., IC 1 ehf. og Steinsteypunnar ehf.*
 - Mink Campers ehf. sem framleiði og selji sporthýsi undir vörumerkinu Mink.



- Gaffall ehf. sem eigi og reki fyrirtækið Bakó Verslunartækni ehf. sem reki heilsölur sem bjóði fyrirtækjum margvíslegar lausnir og tæki í verlanir- og veitingahús o.fl.
 - Jökulsker ehf. sem leigi út vinnuvélar og tæki til byggingaframkvæmda og mannvirkjagerðar, auk þess að flytja inn sement og kambstál
6. Varðandi samkeppnisleg áhrif samrunans segir í samrunaskrá að samruninn muni ekki hafa samkeppnisleg áhrif á þeim mörkuðum sem samrunaaðilar starfi á, enda starfi þeir á ótengdum mörkuðum. Með samrunanum auki því enginn samrunaaðila við markaðshlutdeild sína. Þá verði engin breyting á fjölda keppnauta á hlutaðeigandi mörkuðum og samþjöppun engin.
7. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Í kaupum ERAH24 og MF4 á MÞJ felst tilkynningarskyldur samruni í skilningi ákvæða samkeppnislaga að mati Samkeppniseftirlitsins enda veltumörkum náð.
8. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem fylgdu og annarra aðgengilegra og fyrirliggjandi upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði. Auk þess veitti Samkeppniseftirlitið helstu keppnautum á þeim mörkuðum sem MÞJ og Steinsteypan starfa á færi á að koma að athugasemdum vegna samrunans. Engar athugasemdir bárust.
9. Í fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum málsins er ekkert sem bendir til þess að gera þurfi athugasemdir við markaðsskilgreiningar og ofangreindar ályktanir samrunaaðila, eða að samruninn myndi markaðsráðandi stöðu eða raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum telur Samkeppniseftirlitið hvorki ástæðu til þess aðhafast vegna samrunans né rannsaka hann frekar og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

Ákvörðunarorð

„Kaup ERAH24 ehf. og MF4 hs. á Málmsteypu Þorgríms Jónssonar ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson